

## K J A R V A L S S T A D I R

bjóða að þessu sinni upp á sýningu á verkum nokkurra íslenskra leikmyndateiknara og ber hún heitið LEIKMYNDIN. Leikhúsverk er í eðli sínu hópvinna þar sem margir leggja hönd á plöginn. Leikmyndagerð er þáttur í því starfi, en engu að síður sjálfstæð listgrein, þar sem tilraunastarfsemi hefur aukist mjög á síðari árum. Hér á landi hafa vel menntaðir nýliðar best í hópinn á síðustu árum; starfandi myndlistarmenn hafa tekið að sér einstök verkefni hjá leikhúsunum, og Félag leikmyndateiknara á aðild að Félagi íslenskra leikara. Þeð eru ekki aðeins atvinnuleikhúsin sem hér leggja til aukinn metnað. Eftir því sem leikfélögnum úti á landsbyggðinni hefur aukist ásmegin, hafa þau einnig ráðið til sín leikmyndahönnuði jafnt og leikstjóra. - Þessari sýningu er á engan hátt etlað að vera yfirlit eða úttekt þess sem verið hefur að gerast í þessari listgrein undanfarið; nokkrir af okkar bekktustu leikmynda-teknurum eru ekki með vegna anna á öðrum stöðum, Björn G. Björnsson, Jón Þórisson og Snorri Sveinn Friðriksson svo nokkrir séu nefndir, og af þeim sökum m.a. gerir þessi sýning nánast engin skil leikmyndagerð í sjónvarpi og kvíkmyndum. - Hér kennir margræ grasa: frumdrættir, búningateikningar, leikmunir, grímur, ljósmyndir, jafnvel heil leiktjöld. Þetta eru fjölbreytt sýnishorn fremur en að rakin sé þróun eða fylgt ákveðnu þema. En tilgangurinn etti eigi að síður að vera augljós: að gera gestum grein fyrir mikilvægi þeirrar myndlistar sem mótar ramma, stil og heildaryfirbragð leiksýningar. Og þessari leikmyndasýningu tengist einmitt lifandi leiksýning: PLUGLEIKUR þjóðleikhússins verður hér á hverju kvöldi í þessum sama sal meðan sýningin stendur yfir, og er þannig skemmtilegur hluti af sýningunni. Þeir sem taka pátt í sýningunni LEIKMYNDIN eru:

Baltasar  
Birgir Engilberts  
Guðrún Svava Svavarssdóttir  
Gunnar Bjarnason  
Gylfi Gislason  
Jón Benediktsson  
Lárus Ingólfsson

Magnús Pálsson  
Magnús Tómasson  
Messiana Tómasdóttir  
Sigurjón Jóhannesson  
Steinpór Sigurðsson  
Valgerður Bergsdóttir  
Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.